

**Ed.**

**132. Frumvarp til laga**

**[119. mál]**

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga, sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands .....	20,00%
Keflavíkurkaupstaður .....	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður .....	12,83%
Grindavíkurkaupstaður .....	11,17%
Miðneshreppur .....	6,99%
Gerðahreppur .....	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur .....	3,57%
Hafnahreppur .....	0,69%

Sameigendur bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefjast viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum, er um getur í 2. gr.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar

sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

4. gr.

4. töluliður 2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

4. Skipun fulltrúa ríkissjóðs í stjórn fyrirtækisins til næsta aðalfundar.

5. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

6. gr.

14. gr. laganna (áður 13. gr., sbr. lög nr. 26/1980) orðist þannig:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sýslusjóða fer á sama hátt og um skyldur sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Er lög þessi hafa öðlast gildi skulu sveitarfélögin skipa menn í stjórn Hitaveitu Suðurnesja í samræmi við 7. gr. laganna. Kjörtímabili þeirra stjórnarmanna lýkur 31. júlí 1986.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 100/31. desember 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn fyrirtækisins skipuð og tók hún þegar til starfa við uppbyggingu sameiginlegrar hitaveitu á Suðurnesjum. Nú hefur hitaveita verið lögð um öll þéttbýlissvæði á Suðurnesjum, auk Keflavíkurlflugvallar. Enn fremur hefur Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað, í samræmi við lög nr. 26/1980 um breyting á lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja, en með þeirri lagabreytingu var veitt heimild til aukinnar raforkuvinnslu á vegum Hitaveitu Suðurnesja.

Með lögum nr. 91/1984 um breyting á lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja var ríkinu heimilað að selja Hitaveitu Suðurnesja rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum. Á sama hátt var veitt heimild fyrir að samið yrði um yfirtöku Hitaveitu Suðurnesja á rafveitum sveitarfélaga á svæðinu og að veiturnar yrðu lagðar fram sem stofnframlög með tilheyrandi breytingu á eignarhlutdeild eigenda. Með sömu lögum var tilgangi Hitaveitu Suðurnesja breytt í almennt orkufyrirtæki með heimild m.a. til að reka rafveitur.

Með samningi, dagsettu 17. maí 1985, var samið um kaup Hitaveitu Suðurnesja á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum og fór yfirtaka eignanna fram 1. júlí s.l. Þann 5. júlí 1985 var undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum um yfirtöku fyrirtækisins á öllum rafveitum á Suðurnesjum. Samið var um að eignir rafveitna sveitarfélaganna yrðu lagðar fram sem stofnframlög og að eignarhlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja lækkaði þar með. Rafveiturnar voru lagðar fram skuldlausar sem stofnframlag sveitarfélaganna. Umsamið stofnverð rafveitnanna nam samtals kr. 169 188 000. Hinn reiknaði stofnkostnaður var skv. samkomulaginu eignfærður sem afskriftastofn hjá Hitaveitu Suðurnesja og af því leiddi lækkun á eignarhlut ríkisins úr 40% í 20%. Samkomulag þetta hefur verið staðfest af öllum sameigendum að fyrirtækinu og staðfesti iðnaðarráðherra samkomulagið f.h. ríkisstjórnar Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði þær breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, sem leiðir af ofangreindum breytingum á hlutverki fyrirtækisins og breyttum eignarhlut sameigenda.

Helstu nýmæli skv. frumvarpinu eru:

- a) Staðfest er sú breyting á eignarhlutföllum sem leiðir af ofangreindum samningi um yfirtöku fyrirtækisins á rafveitum sveitarfélaganna.
- b) Stjórn Hitaveitu Suðurnesja verður nú skipuð 9 fulltrúum í stað 5 áður. Hvert hinna sjö sveitarfélaga, sem eigendur eru að fyrirtækinu, skipar einn fulltrúa í stjórn og ríkið tvo.
- c) Við afgreiðslu mála verður að viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu (miðað við eignarhluta) komi fram ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist afgreitt.
- d) Hitaveita Suðurnesja verður undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóðanna á svæðinu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er staðfest sú breyting á eignarhlutföllum í fyrirtækinu sem leiðir af samningi eignaraðila um að eignir rafveitna sveitarfélaganna verði lagðar fram sem stofnframlög í fyrirtækið. Eignarhlutföll eru frá 1. júlí 1985 sem hér segir (til samanburðar er eignarskipting fyrir yfirtöku rafveitnanna):

Ríkissjóður Íslands .....	20,00%	(40,00%)
Keflavíkurkaupstaður .....	38,68%	(31,04%)
Njarðvíkurkaupstaður .....	12,83%	(8,70%)
Grindavíkurkaupstaður .....	11,17%	(8,11%)
Miðneshreppur .....	6,99%	(5,55%)
Gerðahreppur .....	6,07%	(3,76%)
Vatnsleysustrandarhreppur .....	3,57%	(2,13%)
Hafnahreppur .....	0,69%	(0,71%)

Innbyrðis skipting á eignarhlutum sveitarfélaganna er í samræmi við fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélögum 1. desember 1984.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til, að breytt verði orðalagi 5. gr. laganna um stofnframlög sameignaraðila að Hitaveitu Suðurnesja, og einfaldlega kveðið á um að stofnsjóðurinn skiptist á sameigendum í samræmi við eignarhlut.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað úr 5 í 9. Gert er ráð fyrir að ríkið skipi tvo menn í stjórn til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélögin sjö skipi hvert einn mann í stjórn og að kjörtímabil þeirra fylgi kjörtímabili sveitarstjórna. Þá er það nýmæli í greininni að lagt er til að viðhöfð verði hlutfallsleg atkvæðagreiðsla í stjórn félagsins, komi fram ósk eins stjórnarmanns þar um, og ráði þá eignarhlutur tilnefningaraðila vægi atkvæðis stjórnarmanns.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt þykir að breyta ákvæði laganna um setningu gjaldskrár til samræmis við breytt hlutverk fyrirtækisins þannig að gjaldskráin kveði á um verð á orku almennt.

Um 6. gr.

Lagt er til að 14. gr. laganna verði breytt þannig að skýrar verði kveðið á um að fyrirtækið skuli undanþegið öllum gjöldum til sveitarfélaga á svæðinu. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.